

# ÁRSSKÝRSLA



Samtök fræðslu og simeyntunarmídstöðva á landsbyggðinni.

2001 - 2002



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

## Skýrsla stjórnar Kvasis fyrir annað starfsár félagsins árið 2001-2002

Aðalfundur Kvasis var haldinn að Stóru Tjörnum 18. maí 2001. Í stjórn voru kosin Emil Björnsson, FNA, Iðunn Antonsdóttir, FMP og Skúli Thoroddsen, MSS.

Á fyrsta stjórnarfundum nýkjörinnar stjórnar 18. maí 2001 skipti stjórnin með sér verkum þannig: Skúli var valinn formaður, Emil ritari og Iðunn gjaldkeri. Stjórnin hélt alls sjö skráða fundi á starfsárinu, en auk þess ræddust stjórnarmenn við óformlega milli funda eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til.

Á fundi stjórnar þann 8. júlí 2001 samþykkti stjórnin að marka félaginu verkefni í samræmi við umræður á aðalfundinum og voru helstu verkefnin skilgreind og fram kemur að mestu í þeirri sundurliðun sem hér fer á eftri:

### 1. Fjarkennslubru og fjarkennsla

Stjórn Kvasis beindi því erindi til stjórnvalda og Byggðastofnunar að ný fjarkennslubru verði tilbúin til notkunar eigi síðar en í byrjun ágústmánaðar 2001. Slök þjónusta á þessu sviði hamlar framþróun í fjarkennslu og mikilvægt væri að bæta úr ástandinu. Sérstök nefnd um skipulag fjarkennslu starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins og var Jón Hjartarson fulltrúi Kvasis í þeirri nefnd, en hún hefur ekki enn skilað af sér formlegum tillögum.

Stjórn Kvasis skilaði tillögum um fjar- og símenntun á háskóla- og framhaldsskólastigi til næstu byggðaáætlunar að ósk verkefnastjórnar Iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að stýra undirbúningi að gerð byggðaáætlunar 2002-2006. Skýrslan var samþykkt samhljóða á haustfundi félagsins, sem haldinn var á Sauðárkróki 2. nóvember s.l. Í skýrslu þessari er fjallað um:

1. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni
2. Reynsla af samstarfi HÍ og HA við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar
3. Fjarnám á háskólastigi
4. Markmið í háskólamenntun 2002 – 2006
5. Hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva vegna háskólamenntunar
6. Tillögur um fjar- og símenntun á háskóla- og framhaldsskólastigi til næstu byggðaáætlunar.

## 2. Um stefnu stjórnvalda í byggðamálum 2002-2005

Þegar tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005 lá fyrir fagnaði stjórn Kvasis, tillögunni um „Efling náms með fjarskipta og upplýsingatækni“, þar sem lagt var til að „starfsemi símenntunarmiðstöðva verði eflð með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði og að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að stofnað verði til „rafrænna“ nemendahópa við kennslu á grunn- og framhaldskólastigi. Einnig að fólki hvar sem er á landinu, verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi.“

Í umsögn stjórnar Kvasis til Iðnaðarnefndar Alþingis var lögð áhersla á að starfsemi allra símenntunarmiðstöðva verði eflð með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði, að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi með því markmiði að styrkja byggð á landsbyggðinni með bættu aðgengi að menntun m.a. á framhalds- og háskólastigi.

Í tillögum Kvasis til verkefnastjórnar iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að stýra undirbúningi að gerð byggðaáætlunar 2002-2005 dags. 24. nóvember s.l. sagði m.a.:

- Miðstöðvarnar gegni hlutverki háskóla með aðstöðu til hópnáms fjarnema og annarrar þjónustu sem fjarnemum er nauðsynleg.
- Kvasir leggur til að Byggðastofnun og Menntamálaráðuneytið hafi forgöngu um að tryggja rekstargrundvöll "Samskiptaseturs" á IP-tengdu gagnaflutninganeti sem raunhæfan valkost fyrir fjarnám á framhalds- og háskólastigi í byggðum landsins.
- Tryggja þarf rekstraröryggi fjarnámsumhverfis með nægjanlegum fjárveitingum sem duga til reglulegrar endurnýjunar á fjarkennslubúnaði.

### **Kostnaður:**

Í tillögu til þingsáætlunar er kostnaður 12. liðar talinn óviss. Stjórn Kvasis hefur þess vegna lagt mat á kostnað fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna til fjögurra ára vegna byggðaáætlunar 2002-2005, þar sem rekstarkostnaður símenntunarmiðstöðvanna er áætlaður um 105 milljónir pr. ár fyrir allar miðstöðvarnar átta.

## 3. Ný byggðabré og IP-net framhaldskóla og símenntunarmiðstöðva

Ný byggðabré Landsímamanns var tekin í notkun haustið 2001 en stjórn Kvasis hélt áfram að þrýsta á stjórnvöld um framtíðarlausn á málinu, m.a. í tengslum við nýja byggðaáætlun eins og vikið er að hér að ofan. Málið hefur verið stöðugt í deiglunni og var m.a. tilefni sérstakrar kynningar á haustfundi félagsins á Sauðárkróki. Stjórnin lagði sig fram um að tengja saman Byggðastofnun og menntamálaráðuneytið í þessu mikla hagsmunamáli fyrir fjarkennslu á landsvísu. Menntamálaráðuneytið skipaði í lok mars 2002, nefnd til að undirbúa útboð með gerð kröfufylsingar og tímaáætlunar vegna IP-nets framhaldskóla og símenntunarmiðstöðva og var Skúli Thoroddsen, skipaður í nefndina. Sensa ehf var fengin til að vinna útboðsgögn með Ríkiskaupum og mun fulltrúi sensa ehf. gera grein fyrir hugmyndum nefndarinnar á aðalfundi félagsins á Ísafirði 16. maí. Stjórn Kvasis væntir þess að IP net símenntunarmiðstöðva og framhaldskóla verði boðið formlega út í lok maí, þannig að það geti verið komið í gagnið á haustmisseri 2002 og eigi síðar en við áramót 2002.

#### 4. Samskiptaumhverfi Kvasis á netinu

Stjórnin samþykkti að taka tilboði Skýrr í samskiptaumhverfi fyrir aðildarfélaga Kvasis að netinu en um málið var fjallað á síðata aðalfundi. Samskiptaumhverfið átti einnig að nýtast vegna MUS verkefnisins. Svo virðist sem samskiptanetið hafi ekki þjónað tilgangi sínu.

#### 5. Ráðstefna um stöðu fjarnáms á Íslandi og kennslufræði fjarnáms

Stjórn Kvasis samþykkir að vinna að undirbúningi ráðstefnu um stöðu fjarnáms á Íslandi og kennslufræði fjanáms. Ráðstefnan verði haldin í nafni Kvasis en leitað verði til hagsmuna- og fagaðila á þessu sviði. Þetta verkefni er enn í vinnslu. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fékk styrk úr starfsmenntasjóði í apríl 2002 að fjárhæð kr. 750.000 til að halda námskeið í samvinnu við KHÍ, MFA og Kvasi um kennslu fullorðinna. Gert er ráð fyrir að tvö námskeið verði haldin, annað á Suðurnesjum og hitt á Austurlandi.

#### 7. Memorandum on Lifelong Learning

Gerð var grein fyrir málinu á haustfundi Kvasis.

#### 8. Veðiþróf

Að ósk Veðistjóra samþykkti stjórn Kvasis að afla upplýsinga um fyrirkomulag veiðiþrófa og senda aðildarfélögum. Símenntunarmiðstöðvarnar geta annast veiðiþróf samkvæmt ósk Veðistjóra hverju sinni.

#### 9. MUS verkefnið

MUS verkefnið sem MSS fékk styrk til að þýða og staðfæra í samvinnu við MENNT og Kvasi er lokið. Gerð er grein fyrir lokaskýrslu verkefnisins á aðalfundinum þar sem framhald verkefnisins verður einnig rætt.

#### 10. Íslenska sem annað tungumál, námskeið á vegum Kvasis.

Aðalfundur Kvasis, sem haldinn var í Stóru-Tjarnarskóla samþykkti samstarf Kvasis og Fjölmenningar ehf. um kennslu í íslensku sem annað mál. Stjórn Kvasis lagði til að námskeið fyrir kennara í íslensku sem annað mál fyrir fullorðna verði haldið í samstarfi þessara aðila. Námskeiðið var haldið í Keflavík í október 2002 með styrk frá menntamálaráðuneytinu. Um tuttugu þátttakendur sóttu námskeiðið.

#### 11. Haustfundur Kvasis

Haustfundur Kvasis var haldinn á Sauðárkróki 1. og 2. nóvember 2002. Um dagskrá þess fundar er vísað til fundargerðar sem send var öllum félögum en á fundinum var fjallað um:

1. IP net og möguleika á að koma á laggirnar einkaneti símenntunarmiðstöðva, sem væri "skermað" frá öðrum notendum netsins.
2. Byggðastofnun – fjarfundamál og byggðaáætlun
3. Tillögur Kvasis í menntamálum til byggðaáætlunar 2002 - 2005
4. LandsMennt
5. Samningur við Fjölls vegna verka sem njóta höfundarréttar
6. Nefndarstörf sem Kvasir á aðild að
7. Innritunarmál í HÍ
8. Fjarkennslu og kennslufræði fjarkennslunnar
9. Samskipti við menntamálaráðuneytið

10. Samþykktir Kvasis – tillögur að endurskoðun
11. Ósk *Framvegis-símenntunarmiðstöðvar* um aðild að Kvasi-samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni
12. Námstilboð fyrir stjórnendur starfsmenntunar.
13. Ráðstefna og sýning um tungumálanám og kennslu
14. Opinn háskóli.
15. Tilboð MFA um þjálfun leiðbeinenda á sjálfstyrkingarnámskeiðum og kaup á kennslugögnum. Miðstöðvarnar svari fyrirbyggjandi tilboði MFA hver fyrir sig.
16. Samstarf við byggðastofnun

## 12. Kynningarstarf

Stjórn Kvasis óskaði eftir fundum með forsvarsmönnum Sambands Ísl. sveitarfélaga og fór Iðunn Antonsdóttir á fund sambandsins í apríl s.l. MUS-verkefnið verður einnig kynnt á vegum Kvasis hjá Sabandi Ísl. sveitarfélaga í maí. Guðjónína Sæmundsdóttir annast kynninguna.

## 13. Erlend samskipti og ráðstefna á Íslandi

Formaður sótti aðalfund Evrópusamtakanna um fullorðinsfræðslu EAEA í október 2001. Í október var haldin ráðstefna á Íslandi í tilefni Evrópuárs tungumála. Ráðstefnan "**Alternative approaches to language learning and teaching conference**" var skipulögð af Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands í samvinnu við stjórn Kvasis og stjórn EAEA með stryk frá ESB. CD-rom diskur með allri ráðstefnunni var gefin út í lok ráðstefnunar og dreift til allra símenntunarmiðstöðva og framhaldskóla á landinu.

## 14. Samskipti við fjárlaganefnd Alþingis

Stjórn Kvasis átti fund með fjárlaganefnd Alþingis í byrjun nóvember 2001. Gerð var grein fyrir störfum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna og farið fram á auknar fjárveitingar til þeirra. Fjárlaganefnd tók vel í erindið og var framlag til miðstöðvanna hækkað úr 7 milljónum í 8.5 í meðferð Alþingis á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002.

## 15. Samskipti við menntamálaráðuneytið

Það er skoðun stjórnarinnar að það sé afar mikilvægt að hafa fastan tengilið við ráðuneytið. Karl Kristjánsson var tilnefndur af menntamálaráðherra til þess að vera tengiliður ráðuneytisins við miðstöðvarnar. Ekki hefur orðið breyting á þeirri tilhögun. Samstarfið við Karl er með ágætum.

Stjórn Kvasis beitti sér fyrir því að íslenskukennsla fyrir fullorðna útlendinga væri tekin föstum tókum. Námskeið var haldið fyrir kennara. Greiðslur vegna starfstengdrar íslensku komust í fastan farveg þar sem starfsmenntasjóðir atvinnulífsins koma einnig að námskeiðum. og greiðslur fyrir almenn námskeið fyrir nýbúa.

## 17. Samstarfsaðilar um viku símenntunar

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar hafa haft með sér samráð um framkvæmd viku símenntunar á landsbyggðinni. Kvasir hefur virkað sem samráðsvettvangur miðstöðvanna um vikuna. Náíð samstarf hefur verið við Menntar um skipulag vikunnar og framkvæmd, en Mennt fer með það verkefni f.h. Verkefnastjórnar ráðuneytisins um viku símenntunar.

### 18. Ráðstefna fyrir stjórnendur starfsmenntunar

Kvasir var meðumsækjandi MFA í samstafi við óformlegt félag fræðslustjóra í fyrirtækjum um umsókn um styrk til Starfsmenntaráðs til að halda ráðstefnu fyrir stjórnendur starfsmenntunar. Ráðstefnan verður haldin á Hvolsvelli dagana 22.-24. maí og hefur öllum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum verði boðið að senda þátttakendur á ráðstefnuna. Stjórnin lítur svo á að hún hafi með þessum hætti lagt sitt að mörkum til að efla símenntun starfsmanna fræðslu og símenntunarmiðstöðva.

### 19. Verkefni framundan

Þeirri spurningu var varpað fram til menntamálaráðherra á fundi stjórnar Kvasis með ráðherra haustið 2000 hvert væri hlutverk símenntunarmiðstöðvanna í fræðslukerfi þjóðarinnar. Hann svaraði því þannig að "það yrði að koma í ljós".

Það hefur komið í ljós á tæpum tveim árum að símenntunarmiðstöðvarnar njóta vaxandi skilnings sveitarfélaga og atvinnulífsins. Þær njóta stuðnings ráðuneytisins og Alþingis. Það er ekki síst vegna öflugrar fullorðinsfræðslu og fjarnáms á háskólastigi að símenntunarmiðstöðvarnar þykja vera rós í hnappagat hvernar sveitar sem af státar. Hafa þeir í huga að samráðsvettvangur miðstöðvanna, Kvasir, gegnir mikilvægu hlutverki í þeirri þróun sem orðin er. Símenntunarmiðstöðvarnar eru staðreynd í menntakerfi þjóðarinnar sem stjórnvöld virðast á einu máli um að þurfi að efla. Verkefni framundan eru því ærin:

Efling náms með fjarskipta og upplýsingatækni er viðvarandi verkefni. Kvasir þarf að standa vörð um það verkefni með því að leggja fram sí endurteknar tillögur til úrbóta og benda á leiðir sem betur eru færar en aðrar í ljósi reynslu og þekkingar sem er og verður til í samstarfi símenntunarmiðstöðvanna þeirra á milli og í Kvasi.

Samstarfið við launþegahreyfinguna, samtök atvinnulífsins og starfsmenntasjóði þessara aðila gerir símenntun og markvissa uppbyggingu starfsfóks að ögrandi viðfangsefni fyrir símenntunarmiðstöðvarnar í þágu þessara aðila og einstaklinga sem vilja og þurfa að sækja sér þekkingu sem miðstöðvarnar geta miðlað.

Erlenda samstarfið er okkur mikilvægara en margir vilja vera láta. Ræður þar miklu smæð okkar og fámenni. Við þurfum að bergja á viskubrunni nággranna okkar í útlöndum og sækja þangað reynslu sem við getum nýtt okkur. Efla þarf samstarfið við Norðurlönd t.d. NFA og Evrópu gegnum EAEA aðild Kvasis.

Símenntun starfsmanna símenntunarmiðstöðvanna má ekki gleymast og það ætti að vera hlutverk Kvasis að leiða það starf. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar verða að vera síungar í anda. Takist þeim það mun þær skipa veglegan sess í menntakerfi þjóðarinnar.

F.h. stjórnar Kvasis starfsárið maí 2001-maí 2002

Ísafirði 16. maí 2002

Skúli Thoroddsen

**SAMPYKKTIR**

## Samþykktir fyrir "Kvasir" - samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

### 1. gr.

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni er félag fullorðinsfræðslumiðstöðva utan höfuðborgarsvæðisins. Heimili þess og varnarþing er á lögheimili formanns.

### 2. gr.

Markmið samtakanna er:

- Að efla endur- og símenntun á landsbyggðinni.
- Að efla og auka háskólanám á landsbyggðinni.
- Að efla og auka skilning atvinnulífsins á mikilvægi símenntunar sem auðlind og fjárfestingu til framtíðar sem getur bætt afkomu einstaklinga fyrirtækja og samfélagsins í heild.
- Að efla samvinnu við menntastofnanir og aðra þá sem bjóða fullorðinsfræðslu og símenntun í landinu með það að markmiði að auka aðgengi almennings að menntun og þekkingu á heimaslóð.
- Að vera vettvangur umræðu um fullorðinsfræðslu og símenntun á Íslandi sem og í norrænu og alþjóðlegu samhengi.
- Að efla og stuðla að aukinni samvinnu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.
- Að gæta sameiginlegra hagsmuna símenntunarmiðstöðvanna og kynna starf þeirra.
- Að efla skilning á hlutverki símenntunarmiðstöðva í menntakerfi þjóðarinnar og vinna þeim skilningi stuðning á opinberum vettvangi.

### 3. gr.

Stofnendur samtakanna eru; Farskóli Norðurlands vestra - miðstöð símenntunar, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Færðslunet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi.

Fjárhagslegar skuldbindingar félagsins eru stofnaðilum óviðkomandi.

Aðild að samtökunum eiga símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og aðrar stofnanir sem falla undir skilgreiningu 1. gr.

### 4. gr.

Stjórn samtakanna skipa þrjár einstaklingar; Formaður, ritari og gjaldkeri. Skulu stjórnarmenn tilnefndir/kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Forstöðumenn símenntunarmiðstöðvanna skiptast á um formennsku, eitt ár í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. (Á stofnfundi skal kjósa þrjá stjórnarmenn en á fyrsta aðalfundi skal kjósa tvo til tveggja ára og einn til eins árs).

#### 5. gr.

Stjórn samtakanna ber að vinna að markmiðum þeirra og kemur fram fyrir þeirra hönd í sameiginlegum hagsmunamálum símenntunarmiðstövvanna og öðrum þeim verkefnum sem aðal- eða félagsfundir hafa falið stjórninni.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri og fjárhag samtakanna.

Stjórnarfundir skal boða um netföng stjórnarmanna, (sem staðfesta skal með svarpósti), eða á annan tryggilegan hátt

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstakra mála sem varða hann persónulega.

#### 6. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda árlega í maí. Hann skal boða með tryggilegum hætti um netföng aðildarmiðstövvanna með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla reikninga
3. Skipun stjórnar
4. Kosning skoðunarmanna reikninga.
5. Ákvörðun um árgjöld
6. Önnur mál.

Hver símenntunarmiðstöð fer með eitt atkvæði á aðal- og félagsfundum. Aðalfundur er ályktunarfær ef ályktun er samþykkt samhljóða.

#### 7. gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

#### 8. gr.

Félagsfundir skal halda;

1. Þegar stjórn ákveður.
  2. Ef þrjár eða fleiri símenntunarmiðstöðvar óska þess.
- Félagsfundur er ályktunarfær ef ályktun er samþykkt samhljóða.  
Fundir eru lögmætir ef  $\frac{3}{4}$  hlutar félagsmanna eru mættir.

#### 9. gr.

Samþykktum þessum verður aðeins breytt með samhljóða samþykki aðalfundar. Samtökum þessum verður slitið með sameiginlegri ákvörðun aðalfundar eða aukaaðalfundar.

Svo samþykkt á stofnfundum Kvnsis á Selfossi 31. maí 2000. St.Th.